

28. september 2020

Fundargerð

samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar

28. september 2020

Árið 2020, 28. september kl. 16:30 kom samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefnd – saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu: Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem stýrði fundi (í fjarveru Ragnhildar Hjaltadóttur), Aldís Hafsteinsdóttir formaður sambandsins, Karl Björnsson framkvæmdastjóri sambandsins, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu boðaði forföll.

Einnig sátu fundinn: Guðrún Ögmundsdóttir skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Sigurður Ármann Snævarr sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, auk Tinnu Dahl Christiansen sérfræðings í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta var tekið fyrir:

Dagskrá:

1. Samkomulag á grundvelli LOF – drög

Framhald á umræðu síðasta fundar þar sem ný drög lágu fyrir fundinn um samkomulag um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2020-2024 á grundvelli 11. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015. Fundarmenn unnu í sameiningu að breyttu orðalagi samkomulagsins.

Að loknum breytingu á orðalagi samþykktu aðilar fundarins samkomulagið, sjá má bókun frá fulltrúum sveitarfélaganna hér að neðan.

Bókun fulltrúa sveitarfélaganna: Samkomulagið er samþykkt með fyrirvara um endanlega niðurstöðu um fjárhagslegan stuðning ríkisins við sveitarfélögin.

2. Önnur mál

Næsti fundur nefndarinnar verður 14. október kl. 14:00.

Fundi var slitið kl. 17:21.

-TDC-